

1. Tilgangur

Tilgangur verklýsingarinnar er að tryggja fullnægjandi upplýsingagjöf um úrtaksskoðanir raforkuvirkja svo að séð verði að lágmarkskröfum reglugerðar um raforkuvirki um tíðni skoðana sé fullnægt. Með rafveitum er átt við rafveitur, iðjuver og einkarafstöðvar.

2. Framkvæmd

Rafveitan skal framkvæma eða láta framkvæma skoðanir á eigin raforkuvirkjum, sjá VLR 2, hér eftir nefndar innri skoðanir og velja úrtak raforkuvirkja til ytri skoðana sem skoðunarstofa framkvæmir, hér eftir nefndar ytri skoðanir. Ennfremur skal rafveitan senda upplýsingar til Brunamálastofnunar sem þetta varða eins og nánar er kveðið á um hér á eftir :

2.1. Yfirlit um fyrirhugaðar framkvæmdir

Við upphaf framkvæmdaárs eða eftir nánara samkomulagi við Brunamálastofnun skal rafveita senda Brunamálastofnun áætlun um allar fyrirhugaðar framkvæmdir við háspennt og lágspennt raforkuvirki, nývirki eða meiriháttar breytingar á eldri virkjum.

2.2. Yfirlit um ný og breytt raforkuvirki

Í lok framkvæmdaárs skal rafveita senda Brunamálastofnun yfirlit um ný og breytt raforkuvirki. Skal yfirlitið sýna fjölda raforkuvirkja eftir tegundum ásamt sundurliðuðum lista yfir raforkuvirkin, þar sem fram kemur tegund raforkuvirkis og heiti.

2.3. Yfirlit um fjölda raforkuvirkja í rekstri

Árlega skal rafveita senda Brunamálastofnun yfirlit um fjölda raforkuvirkja í rekstri greindan eftir tegundum raforkuvirkja.

2.4. Yfirlit um skoðanir nýrra og breyttra raforkuvirkja

Við lok framkvæmdaárs skal rafveita senda Brunamálastofnun yfirlit um innri skoðanir á nýjum og breyttum raforkuvirkjum, ásamt yfirliti um áætlaðar og umsamdar ytri skoðanir. Skal yfirlitið sýna fjölda skoðaðra raforkuvirkja eftir tegundum ásamt sundurliðuðum lista yfir skoðuð raforkuvirki, þar sem fram kemur tegund raforkuvirkis og heiti.

2.5. Yfirlit um skoðanir raforkuvirkja í rekstri

Árlega skal rafveita senda Brunamálastofnun yfirlit um innri skoðanir raforkuvirkja í rekstri, ásamt yfirliti um áætlaðar og umsamdar ytri skoðanir. Skal yfirlitið sýna fjölda skoðana raforkuvirkja eftir tegundum ásamt sundurliðuðum lista yfir skoðuð raforkuvirki, þar sem fram kemur tegund raforkuvirkis og heiti.

2.6. Form upplýsinga

Brunamálastofnun VERKLÝSING VL 6 Upplýsingagjöf rafveitna vegna innri og ytri skoðana raforkuvirkja	Skjal nr.	VL 6
	Útgáfa	02
	Dags.	09.04.2010
	Bls.	2 af 2

Við skil á upplýsingum samkvæmt liðum 2.1-2.5 skal nota eyðublöð BST 3.227 og BST 3.228, ef upplýsingum er skilað á pappírformi. Heimilt er að nota önnur eyðublöð ef þau gefa sömu upplýsingar með sambærilegri framsetningu. Einnig er heimilt að skila upplýsingum á rafrænu formi eftir nánara samkomulagi við Brunamálastofnun og skulu þau þá sett fram með sama hætti.

Tegundir raforkuvirkja skal auðkenna eins og tafla 6.1 segir.

Tafla 6.1. Auðkenni tegundar

Tegund raforkuvirkja	Auðkenni tegundar
Virkjanir	VV
Vara – og varmaafstöðvar	EE
Aðveitustöðvar og tengivirki (inni)	SI
Aðveitustöðvar og tengivirki (úti)	SU
Dreifistöðvar (inni)	DI
Dreifistöðvar (úti)	DU
Háspennulínur	LL
Háspennustrengir	ST
Lágspennudreifikerfi	LD
Jarðskaut, varnar	JV
Jarðskaut, rekstrar	JR